10. stjórnarfundur

27. febrúar 2017

Fundarstaður: Mathús Garðabæjar, Garðatorgi 27. febrúar 2017, 17:00-18:30

Harpa Þórunn Pétursdóttir, Vigdís Harðardóttir, Auður Nanna Baldvinsdóttir, Petra Steinunn Sveinsdóttir, Íris Baldursdóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir, Birta Kristín Helgadóttir og Helga Barðadóttir, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Heimasíðan

Heimasíðan hefur ekki komist í loftið. En mikil vinn hefur verið lögð í að undirbúa efni á síðuna. Ákveðið að leita tilboða í uppsetningu síðunnar.

3. Skýrslan

Fulltrúar stjórnar hafa fundað með skýrsluhöfundum sem lofa skýrslunni fyrir aðalfund. Unnið verður áfram með spurningalista sem sendur verður út til aðildarfélaga Samorku.Stjórnarkonur áttu fund með LV varðandi stuðning við gerð skýrslunar.Ákveðið að leita til stærri fyrirtækja í geiranum um stuðning við skýrsluna.

4. Gjaldkeri KÍÓ

Auður Nanna gaf kost á sér í starfið og var það einróma samþykkt.Harpa gengur frá prókúmálum.

5. Aðalfundur Aðalfundur verður haldinn þann 6. apríl í húsnæði Verkís.

6. Árshátíð

Eftir síðasta fund kom í ljós að 7. apríl myndi henta betur fyrir árshátíð en áður ákveðinn dagur.Verð árshátíðin því haldin 7. apríl á Bryggjunni- mathúsi. Heildarverð fyrir þriggja rétta matseðil og fordrykk kr. 9.500. Ákveðið að niðurgreiða það verð um 4.000, þannig að félagsmenn greiði kr. 5.500.Margrét Helga Maack verður veislustjóri.

7. Samorkuþing á Akureyri í maí

Staðfest að Harpa, Auður, Vigdís verða á þinginu og kannski fleiri.KÍÓ verður með „Slott“ og er fyrirhugað að kynna skýrsluna og vera með fordrykkfyrir kvöldverðinn.

8. Landsnet

Verið að leggja lokahönd á bakhjarlasamning við Landsnet, 375.000 kr. á ári í tvö ár.

9. Næstu viðburðir

- Teiti hjá BBA í tilefni af útgáfu jarðhitabókarinnar

- Aðalfundur

- Árshátíð

- Fordrykkur á Samorkuþingi

- Hafa samband við HS orku varðandi viðburð á Reykjanesinu í vor

- Stefnt að göngu í haust

10. Önnur mál

- Menntamálin

- Háskóladagurinn, skoða hvort KÍÓ eigi erindi þar

- Framadagar: Gekk mjög vel og áhugi á starfi KÍÓ og orkugeiranum. Birta á hrós skilið fyrir undirbúninginn.

- „VOX vote“ á aðalfundi um hvaða áherslur félagsmenn vilja sjá í starfi félagsins.

- Skoða tengingu tenging við félag kvenna í vísindum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.